

FORELDRA FIRRINGAR HEILKENNI (PAS) Í FORSJÁRDEILUM: ÞEKING EÐA BLEKKING?¹

Gunnar Hrafn Birgisson

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	1
2. HUGTAKIÐ PAS	2
3. BÖRNIN	2
3.1. PAS og börnin	2
3.2. Hvað segja PAS börn?	3
3.3. PAS og „foreldrajafnrétti“	3
3.4. Áhrif PAS greiningar á börn	4
4. PAS KENNINGIN OG UPPHAFSMAÐURINN	4
4.1. Upphafsmáður PAS	4
4.2. Meginþættir PAS	5
a) Ásakandi móðir	5
b) Vísitandi heilaþvottur	5
c) Ómeðvituð innræting	5
d) Umdeilt barn	5
e) Ósönn ásökun um sífjaspell	6
f) Polandi	6
4.3. Foreldrafirring og barnamisnotkun	6
4.4. Skýringar Gardners á því að barn hafni föður	6
4.5. Skýringar Gardners á hegðun PAS mæðra	7
5. RÉTTMÆTI GRUNNS EÐA ÁSÖKUNAR UM KYNFERÐISBROT	7
5.1. Er áburður um sífjaspell algengur í forsjárdeilum og er hann oft ósannur?	7
5.2. Frá hverjum berast sannar og ósannar ásakanir?	8
5.3. PAS og greining sektar kynferðisbrotamanna	9
6. AFSTAÐA Í HEIMI VÍSINDA OG RÉTTVÍSI	9
6.1. PAS fær ekki vísindalega viðurkenningu	9
6.2. Saksóknarar vara við PAS	11
6.3. Dómarar hafna PAS	11
7. KONUR OG FORELDRA FIRRINGAR HEILKENNI	11
7.1. Barátta kvenna gegn PAS	11
7.2. Jöfn eða ójöfn staða kynja fyrir dómstólum?	11
8. PAS OG ÁHERSLAN Á ÞVINGUNARÚRRÆÐI	12
8.1. Meðferð á konum og börnum	12
8.2. Mildri eða harka	12
8.3. Kröfur Félags um foreldrajafnrétti um breytingu á löggjöf	13
8.4. Frjálslegar tilvísanir í heimildir og túlkanir á niðurstöðum rannsókna	15
9. SÆTTIR Í FORSJÁRDEILUM	16
10. UMRÆÐA OG NIÐURSTÖÐUR	16
HEIMILDIR	18

1. INNGANGUR

Þessi grein fjallar um viðhorf til þess þegar börn vilja ekki umgangast annað foreldri sitt eftir skilnað eða sambúðarslit foreldra og um samfélagsleg viðbrögð við því. Frá árinu 1985 hefur kenning um svonefnt Parental Alienation Syndrome

¹ Gunnar H. Birgisson (2009). Foreldra firringar heilkenni (PAS) í forsjár- og umgengnisdeilum: Þekking eða blekking? *Tímarit lögfræðinga*, 2, 165–195.

(PAS) haft mikil áhrif í forsjárdeilum foreldra í Bandaríkjunum með alvarlegum afleiðingum fyrir fjölmörg börn. Þessi kenning hefur hlotið mikla gagnrýni fræðimanna og verið gerð afturreka úr dómskerfinu vestra.

Þá ber svo við að PAS viðhorfum vex fiskur um hrygg í forsjárdeilum á Íslandi. Samfara því hefur skapast þrýstingur á löggjafann um breytingar á barnalögum og hegningarlögum, þannig að til komi aukin þvingunar úrræði og harðari refsingar. Krafist er að dómstólar, barnavernd og önnur stjórnvöld beiti PAS aðferðum við úrvinnslu forsjárdeilna og að sérfræðingar fái þjálfun í því skyni.

Brýnt er að ákvarðanatökur hins opinbera um börn sem foreldrar deila um byggji á traustri þekkingu. En það er ekki alltaf augljóst hvaða upplýsingum megi treysta. Á undanförunum árum hafa niðurstöður rannsókna varðandi forsjárdeilur verið í auknum mæli afbakaðar eða falsaðar fyrir dómstólum, barnavernd og öðrum stjórnvöldum. Með því hafa ákvarðanatökur verið afvegaleiddar. Sagan af PAS er dæmi um þetta.

Tilgangur þessarar greinar er að lýsa áhrifum þess í forsjárdeilum að greina börn með PAS „sjúkdóm“ og þvinga þau svo, hafi þau tregðast við að fara í umgengni til annars foreldris síns. Jafnframt er PAS kenningin útskýrð, ljósi varpað á stöðu hennar í heimi vísinda, réttvísi og stjórnkerfis, fjallað um útbreislun hennar hérlendis og bent á aðrar heppilegri leiðir.

2. HUGTAKIÐ PAS

„Parental Alienation Syndrome“ eða PAS er þýtt hér sem *foreldra firringar heilkenni*. Orðið *firring* merkir að fjarlægja eitthvað eða að svipta einhvern einhverju.¹ Það merkir líka að eitthvað sé fjarstæða eða vitleysa. Í forsjárdeilum² er samkvæmt PAS annað foreldrið (oftast móðir) talið svipta hitt foreldrið (föður) barninu eða fjarlægja það frá því. Auk þess er móðir með PAS greiningu álitin í vitfirringu sinni innræta barninu ranghugmyndir og vitfirra andúð á föður. Firring barnsins er svo álitin leiða til þess að það ásaki saklausan föður um sífjaspell.

Foreldra firringar heilkenni var sett fram sem greiningarhugtak um geðsjúkdóm, en greiningin felur í sér þann áfellsdóm að mæður í forsjárdeilum beiti ofbeldi og brjóti mannréttindi barna og fedra. Hugtakið er því lögfræðilegt frekar en geðlæknisfræðilegt eða sálfræðilegt. Upphafismaðurinn Richard A. Gardner geðlæknir fullyrti að PAS væri aðeins að finna þar sem réttarkerfi væru við lýði. Hann taldi réttarkerfi gera mæður og börn siðblind og almennt magna upp geðbilun þeirra.

3. BÖRNIN

3.1. PAS og börnin

Reynum að setja okkur í spor barna sem fá sjúkdómsgreiningu um foreldra firringar heilkenni og fá svo kveðinn upp yfir sér dómsúrskurð um að þau skuli tekin frá foreldri sem þau treysta og færð með opinberu valdi til foreldris sem þau hræðast og vilja ekki fara til. Hver er réttur þeirra barna?

Börn hafa verið dæmd til refsingar fyrir að heimsækja ekki foreldra samkvæmt fyrirmælum í úrskurði yfirvalda og þau hafa verið neydd til slíkra heimsókna. Í sumum tilvikum hefur það leitt til þess að börn sköðuðu sig eða hefndu sín á föður sem þau hafa talið ofsækja sig með áreitni eða sífelldum kröfum um forsjá, breytta umgengni, dagsektir, innsetningu eða annað.

¹ Orðin foreldrasvipting, föðursvipting og foreldrafjarlæging hafa áður verið notuð. Sjá **Garðar Baldvinsson**, 2004; **Stefanía K. Karlsdóttir**, 2008a, 2008b, 2009.

² Orðið forsjárdeila nær hér yfir forsjármál, umgengnismál, dagsektarmál, innsetningarmál og barnaverndarmál er snerta forsjá og umgengni.

Sum börn hafa lent í sjálfsvígshættu eftir að hafa fengið PAS greiningu og verið fjarlægð frá móður. Dæmi er um 12 ára gamlan dreng sem lést eftir að hengja sig daginn sem færa átti forsjá hans. Annað dæmi er Nathan Grieco, 16 ára, sem fyrirfór sér á heimili sínu í North Huntington eftir átta ára forsjárdeilur foreldra hans. Móðir hans Karen Scott fann hann látinn með leðurbelti um hálsinn. Hún ákvað síðar að stíga fram og segja frá atvikum. Tveimur vikum fyrir sjálfsvígð skrifaði Nathan þetta: „Fyrir átta árum skildu foreldrar mínir og faðir minn henti okkur út úr húsinu. Við þurftum því að flytja hingað því við gátum ekkert annað farið. Enn í dag, 8 árum síðar, er hann að hrella okkur með nýju og nýju dómsmáli.“ Í þessu máli var ráðum Gardners fylgt. Beitt var svokallaðri „hótunar þerapíu“ þar sem dómariinn gerði Nathan og bræðrum hans tveimur að heimsækja föður þeirra með jákvæðu hugarfari, sýna honum virðingu og vera hlýðnir. Annars myndi móðir þeirra verða send í fangelsi. Drengirnir höfðu streist gegn umgengni með þeim rökum að faðirinn hefði misnotað þá og móðurina. Faðirinn réð Gardner sem sérfrótt vitni fyrir rétti.

3.2. Hvað segja PAS börn?

Hundruðir barna segja nú frá þjáningum sínum eftir að dómstólar tóku PAS sjúkdómsgreiningu á þeim gilda og dæmdu þau af mæðrum. Mörg barnanna hafa bundist samtökum sem nefnast „Kjarkmiklir krakkar“ (courageous kids).¹ Þau segja ofbeldismenn og barnamisnotendur hafa unnið forsjárdeilur með áróðri um að mæður, sem reyndu að vernda börn, væru að beita föðurfirringu. Þau fullyrða að án undantekninga hafi þessir feður sjálfir útilokað mæðurnar frá börnunum þegar þeir fengu forsjá og að enginn þessara feðra hafi verið kallaður til ábyrgðar fyrir að tálma umgengni. Börnin benda á það að eftir að PAS greining kemst á þá sé sama hvað móðir og börn geri, faðirinn vinni alltaf. Þau telja Gardner hafa verið slægan bismann sem uppgötvaði tækifæri til að græða stórfé á því að vitna fyrir barnamisnotendur í réttarsölum, en hann er sagður hafa rukkað um \$500 á tímann.² Á kenningu hans hafi einnig ósiðavandir lögmenn, matsmenn og meðferðaraðilar orðið ríkir af að þvæla mál, draga þau á langinn og rukka fyrir sín störf.

3.3. PAS og „foreldrajafnrétti“

Hérlendis knýr nú Félag um foreldrajafnrétti (FUF)³ á með kröfur um að PAS aðferðum verði beitt við að koma á jafnrétti milli foreldra í forsjárdeilum um börn. Brýnt er að huga vel að því hvort að hagsmunir barna verði fyrir borð bornir nái þær tillögur fram að ganga. Tillögurnar grundvallast á því að réttarstaða og jafnréttisbarátta karla tvinnist óaðskiljanlega saman við bestu hagsmuni barna, líkt og þetta tvennt sé jafngilt. Þetta má sjá í bæklingi félagsins þar sem Lúðvík Börkur Jónsson ritar m.a.:⁴

Jafnréttisbaráttan verður að standa undir nafni og verja réttindi beggja kynja, en ekki standa eingöngu vörð um réttarstöðu kvenna. Réttarstaða íslenskra karla í þessum málaflokk er trúlega sú lakasta í vestrænum ríkjum og verður ekki aðskilin frá hagsmunum barnanna.

¹ Bruch, 2002. Carol S. Bruch er rannsóknarprófessor í lögum og heiðursprófessor við háskólann í Kaliforníu, Davis.

² Nánar um Nathan Grieco, sjá www.post-gazette.com/custody/partone.asp.

³ Sjá www.courageouskids.net/pas.htm.

⁴ Goldsmith, S. (1999, March 4-10). The scarlet letter. *New Times Los Angeles*. Sjá <http://www.newtimesla.com/issues/1999-03-04/feature.html/page1.html>

⁵ FUF hét áður Félag ábyrgra feðra og þar áður Félag forsjárlausra feðra. Sjá www.foreldrajafnretti.is.

⁶ Lúðvík Börkur Jónsson er formaður FUF. Bæklingurinn Hvers vegna? kom út í mars 2009.

Hin lítt rökstudda skoðun innan FUF að réttarstaða íslenskra karla sé „trúlega sú lakasta í vestrænum heimi“ elur á þeirri hugmynd að félagsmenn eigi stóra leiðréttingu sinna mála inni hjá samfélaginu. Á þessu hefur verið hamrað og með því stuðlað að eftirgjöf stjórnvalda við kröfum félagsins.

Hagsmunir barna og foreldra fara oftast en ekki alltaf saman. Ábyrgir foreldrar, feður og mæður, setja bestu hagsmuni barns í fyrirrúm og umfram sjónarmið um jafnrétti sín á milli. Bestu hagsmunir barna jafngilda ekki jafnrétti foreldra. Þeir hafa forgang samkvæmt barnalögum og ná framyfir hugmyndir um jafnrétti foreldra. Við lagagerð hefur verið leitast við að mismuna ekki foreldrum en að tryggja sem best hagsmuni barna. Þrátt fyrir það rísa nýjar deilur um börn eftir skilnað og sambúðarslit og tekist er á um ólík sjónarmið um málsmeðferð. Málin eru svo flókin og margbrotin að á þeim finnst engin algild lausn en málefnaleg umræða er mikilvæg.

Jafnrétti foreldra í forsjárdeilum skiptir máli í þeim skilningi að foreldrum sé ekki mismunað eftir kynjum. Að sjálfsögðu er mikilvægt að feður og mæður hafi jafna réttarstöðu og taki sem jafnasta ábyrgð á börnum sínum og sem virkastan þátt í barnauppleði. Jafn réttur foreldra er þó ekki megin leiðarljósið í lausn forsjárdeilna heldur bestu hagsmunir barna. Leiðum hugann að dómi Salómons sem úrskurðaði að skera skyldi barn í tvennt og skipta því jafnt á milli deilandi aðila. Þar gaf sá aðillinn sem elskaði barnið meira það eftir til hins, til þess að bjarga lífi barnsins, en fékk þá forsjá þess dæmda sér. Þarna deildu reyndar tvær konur um barnið og önnur var móðirin en hin ekki. Samt er samlíkingin umhugsunarverð þegar litið er til þeirra stöðu sem umdeild börn eru í þegar krafa er uppi um jöfn skipti milli foreldra í forsjárdeilu.

3.4. Áhrif PAS greiningar á börn

Sálfræðingurinn Joyanna Silberg¹⁰ segir afleiðingar af dómum í forsjárdeilum út frá PAS kenningunni vera langvarandi tilfinningalegan skaða hjá börnum.¹¹ Hún spyr: „Hvernig skýrir þú fyrir ungum börnum sem neydd hafa verið til þess að búa hjá misnotendum þeirra hvers vegna dómstólar hafa talið þau vera lygara og hunsað ákall þeirra á hjálp?“ Silberg segir það taka fleiri ár fyrir þessi börn að komast yfir tilfinningar sínar eftir að hafa verið svikin af kerfi sem átti að vernda þau. Auk þess hafi svo margar konur misst forsjá barna sinna vegna PAS greininga að lögmenn í forsjárdeilum séu farnir að ráðleggja þeim að minnst ekki á grun um barnamisnotkun sé hann fyrir hendi.

4. PAS KENNINGIN OG UPPHAFSMAÐURINN

4.1. Upphafsmáður PAS

Geðlæknirinn Richard A. Gardner setti PAS fram árið 1985 sem kenningu um geðsjúkdóm í forsjárdeilum.¹² Hann vitnaði í um 400 forsjármálum og ráðlagði oft að börn væru tekin af mæðrum og sett í forsjá feðra sem börnin sögðu hafa misnotað sig eða beitt ofbeldi. PAS kenningin var notuð óspart til að rýra trúverðugleika mæðra fyrir rétti og til að rýra framburð barna.

Gardner titlaði sig klínískan prófessor í lyflækningum við Columbia háskóla í New York. Í raun var hann hvorki háskólakennari né rannsakandi en hafði fengið kurteisis prófessorstitil sem læknar fá launalaust fyrir það að leyfa nemendum að sjá þá vinna. Gardner skrifaði fjölda greina og söluhárra bóka um PAS. Þjáður af taugasjúkdómi, árið 2003, féll hann 72 ára gamall fyrir eigin hendi.

¹⁰ Dr. Joyanna Silberg er klínískur sálfræðingur og varaforseti Forysturáðs um barnavernd og heimilisofbeldi.

¹¹ Sjá greinina Child Abuse Experts Applaud Legal Community for Rejecting Parental Alienation Syndrome, 12. júlí 2006. Sjá www.leadershipcouncil.org/1/pas/PR_PAS.html.

¹² Gardner, 1985. Sjá www.fact.on.ca/Info/pas/gardnr85.htm; Gardner, 2003. Sjá www.brandeslaw.com/child_custody/rg_judiciary%20role.htm.

Við matstörf í forsjárdeilum kvaðst Gardner hafa séð hjá börnum nýtt heilkenni geðsjúkdóms sem lýsti sér í ákafri höfnun þeirra á feðrum sínum.¹³ Honum sýndist mæður, sem aðallega voru með börnin, valda því með innrætingu og heilapvætti að þau höfnuðu feðrum. Þetta taldi hann mæður gera af sjúklegum eða illum ásetningi í þeim tilgangi að halda fullri forsjá barna.

4.2. Meginþættir PAS

PAS kenningin greinist í sex meginþætti, sem eru ásakandi móðir, vísvitandi heilavottur, ómeðvituð innræting, umdeilt barn, ósönn ásökun um sifjaspell og faðir sem er þolandinn. Skoðum það betur.

a) Ásakandi móðir

Gardner staðhæfði að foreldri sem ber fram ósannar ásakanir sé í 90% tilfella móðirin. Hann talar venjulega um ásakanda sem „móður“ og verður það gert hér.¹⁴ Hann væri hið „algóða“ eða „elskaða“ foreldri sem innrætti barninu og heilapvæði það.¹⁵ Hann færði engar sönnur á þetta.¹⁶

b) Vísvitandi heilavottur

PAS móðir er sögð tala illa um föður í eyru barnsins, skemma hluti á heimili sem minna barn á föður, og rífa myndir af föður og hans fjölskyldu. Móðir er sögð kenna föður um skilnað og taka enga ábyrgð á sínum þætti. Hegðun móðurinnar er talin neyða föðurinn til að leggja bíl sínum handan við horn og flauta til þess að barnið komi þegar hann nær í það. Hún krefjist nálgunarbanns á föður út frá hugarórum og með ósönnum ásökunum um ofbeldi. Hún setji barnið í pössun hjá öðrum en föður og felli niður umgengni sé barnið veikt. Einnig sé það heilavottur á barni að móðir skipti sér af heimsóknum og símtölum þess við föður. Auk þess myndi móðir bandalag við elsta barn til að hafa áhrif á yngri systkini þess.

c) Ómeðvituð innræting

Sé PAS móðir hlutlaus gagnvart umgengni telst hún vera að gagnrýna föður og hið sama gildir ef hún vill að barn fái að ráða því hvort það fari í umgengni. Það telst innræting að móðir segi við barn að það verði að fara í umgengni til föður annars muni hann fara í dómsmál. Það telst líka innræting ef móðir hringir í barn í umgengni hjá föður og spyr hvað það hafi verið að gera með föður. Einnig ef hún spyr barnið hvort allt sé í lagi þegar það kemur heim frá föður. Auk þess telst hún geta brugðist föður og barni með því að tala ekki um föður við barnið eða með því að flytja í annað bæjarfélag.

d) Umdeilt barn

Barn með foreldra firringar heilkenni er talið vera haldið geðveiki sem birtist í hatursfullri þráhyggju gagnvart „alvonda foreldrinu“. Þráhyggja barnsins er sögð stafa af innrætingu og heilavpotti „elskaða foreldrisins“. Einkennin sjáist í því að barnið beri „veikar, léttúðugar og fáránlegar“ umkvartanir á föður og hafi enga sektarkennd yfir því. Auk þess hafni börn með sjúklegum hætti föðurfjölskyldu sinni, sem þau segi að hafi látið sér líða illa yfir því að vilja ekki umgast föðurinn.

¹³ Gardner, 1987a.

¹⁴ Gardner, 1992a.

¹⁵ Gardner, 1985.

¹⁶ Faller, 1998; Dallam, 1999; Hoult, 2006.

e) *Ósönn ásökun um sífjaspell*

PAS á eingöngu við í málum þar sem uppi eru ósannar ásakanir um sífjaspell.¹⁷ Gardner taldi að ásökunin væri í upphafi tilbúningur en ásakandi fari svo að trúá henni og sé þá haldin geðsýkis ranghugmyndum. Gardner gerir ekki ráð fyrir að heiðarleg mistök eða mistúlkun atvika geti átt við í þessu. Hann taldi að ef barni væri haldið frá foreldri sem hefði í raun farið illa með það þá ætti PAS greining ekki við.

f) *Polandi*

Sá ásakaði er venjulega talinn vera faðir sem móðir er stíar barni frá, auk þess sem hann fær höfnun frá barni. Gardner talaði líka um föður í hlutverki hins „alvonda“ eða „hataða“ foreldris, sem þó verðskuldaði engan veginn neikvæðni eða höfnun frá barninu. Faðirinn er talinn finna „gífurlega sorg“ en hann er sá eini sem ekki fær PAS greiningu.

4.3. *Foreldrafirring og barnamisnotkun*

Þar sem ásökun um barnamisnotkun er órjúfanlegur þáttur í PAS greiningu er mikilvægt að skilja hver afstaða Gardners var til barnagirndar og til barna og kynlífsreynslu. Af mörgum hefur hann verið talinn standa með barnamisnotendum og ekki af ástæðulausu. Skoðum fáein dæmi um viðhorf hans:

- Nú á tímum er kynferðislega misnotað barn almennt talið vera þolandinn þó barnið hafi byrjað kynferðislega samneytið með því að tæla þann fullorðna.¹⁸
- Það er vegna þess að samfélag okkar bregst of sterkt við þessu (barnagirnd) sem börn þjást.¹⁹
- Hjálpa má eldri börnum til að kunna að meta það að alþjóðlega er kynferðislegt samneyti fullorðins og barns ekki talið ámælisvert.... Barni mætti segja frá öðrum samfélögum þar sem slík hegðun var talin eðlileg.... Í þeirri umræðu mætti hjálpa barninu að skilja að við höfum í okkar samfélagi ýkt refsingar og siðavendnis viðhorf um kynferðislegt samneyti fullorðinna og barna.²⁰

Mörg slík viðhorf Gardners til kynferðislegrar misnotkunar á börnum hafa verið hrakin og það harðlega gagnrýnt hve hliðhollur hann er barnamisnotendum.²¹ Margur spyr sig hvernig hugmyndir hans gátu fengið þann hljómgrunn sem raun ber vitni?

4.4. *Skýringar Gardners á því að barn hafni föður*

Gardner taldi höfnun barna á feðrum að hluta til stafa af því að þau væru tengdari mæðrum en feðrum. Þau reyni hvert um sig að þóknast móður með því að hafna föður. Þar sem barn telji föður hafa yfirgefið sig við skilnað þá reyni barnið að tryggja að móðirin yfirgefi það ekki líka. Hatur barnsins á föður sé þunn hula sem dylji djúpa ást til hans. Þar að auki fullyrðir Gardner að lýsingar barnsins á óþægilegum kynlífsathöfnum með föður sé gagnhverfing þar sem barnið sé í raun að lýsa óskum sínum um kynferðissamband við föður. Það sé leið barnsins til að losna við sektarkennd sína að segja: „Það er ekki ég sem vil að hann nauðgi mér heldur hann sem vill nauðga mér.“ Gardner telur það sýna varnarhátt barnsins að það samsami sig við árársaðilann, móðurina, sem ráðist

¹⁷ Gardner, 1992c.

¹⁸ Gardner, 1986, bls. 93.

¹⁹ Gardner, 1992b, bls. 670-671.

²⁰ Ibid., bls. 593-594

²¹ Dallam, 1999. Stephanie Dallam, fjölskyldu hjúkrunarfræðingur, er lagalegur ráðgjafi um hjúkrun við bandaríska Þjóðarráðið um geðheilbrigði, réttvísi og fjölmiðlun. Kenndi áður við háskólann í Missouri.

gegn föðurnum. Barnið tileinki sér eiginleika og markmið móðurinnar sem hafi hvítþvegið sig fyrir því. Bæði séu haldin sjúklegum ranghugmyndum og hið sama geti gilt um systkini barnsins. Auk þess geti jafnvel meðferðaraðilar ánetjast geðtruflun móðurinnar og þá skuli ekki tekið mark á þeim.

Gardner telur að börn veiti fjandskap útrás með því að hafna feðrum sínum. Reiði barns stafi af öðru en meintu sífjaspelli föður, t.d. að því finnist hann hafna sér, það búi við fjárhagserfiðleika eða að vöntun sé á athygli frá foreldrum sem deila. Hann álitur að barnið sé afbrýðisamt og eigi í kynferðislegri samkeppni við stjúfforeldri. Eingöngu er átt við dætur og þær sagðar hafa „tælandi og rómantiserað samband“ við feður sína. Þær neyði feður til að velja á milli sín og stjúpmæðra, og spilli þannig ástarsamböndum feðra. Stundum njóti þær til þess stuðnings mæðranna.

Loks telur Gardner að PAS börn skammist sín fyrir að þurfa að draga falskar ásakanir sínar til baka. Þau finni hvöt til að viðurkenna lygina en skelfist það að vera kallaðir lygarar og haldi sig því fast við lygina.

4.5. Skýringar Gardners á hegðun PAS mæðra

Gardner fullyrtaði að þegar mæður óttist að missa forsjá barna þá grípi þær til margra ráða til að hafa sitt fram og dugi þau ekki þá beri þær feður röngum sökum um kynferðisbrot. Eftirfarandi atriði telur hann að skýri ósannindi mæðra:

- Í þrá sinni eftir því að viðhalda sálrænum grunntengslum rægir móðirin föður og eys hann óhróðri.
- Hin reiða móðir upplifir sig fyrirlitna og getur ekki hefnt sín beint á föður. Því grípur hún til þess ráðs að svipta hann helstu eign hans, þ.e. börnunum.
- Þar sem móðir stendur illa fjárhagslega og verr en faðir upplifir hún smán. Þar sem hún getur ekki, líkt og faðir getur, fengið sér dýran og áhrifamikinn lögmann þá verður hún, í þeim tilgangi að tryggja sér forsjá, að innræta barninu hatur til föður.
- Með varnarhættinum andhverfingu dylur móðirin ást sína til föður með hatri á honum. Þráhyggjukennnd ást hennar til barnanna er álitin í mörgum tilvikum vera dulbúinn undirliggjandi fjandskapur til þeirra.
- Mæður beita varnarhættinum frávarpi við bældum kynlífs fantasíum sínum. „Við að ímynda sér föðurinn í kynlífi með barninu er móðirin óbeint að fullnægja sinni eigin löngun til að njóta slíks forleiks og athafna.“²²

5. RÉTTMÆTI GRUNS EÐA ÁSÖKUNAR UM KYNFERÐISBROT

5.1. Er áburður um sífjaspell algengur í forsjárdeilum og er hann oft ósannur?

Því er haldið fram að ósannar ásakanir um sífjaspell eigi sér oft stað í forsjárdeilum. Aðallega halda þeir þessu fram sem ásakaðir hafa verið og þeir sem þá styðja.²³ Ósannar ásakanir um sífjaspell eru órjúfanlegur þáttur í PAS og Gardner staðhæfði að PAS fyndist í misalvarlegum mæli í 40-90% forsjárdeilna. Ef satt væri myndi það þýða að ósannar ásakanir um sífjaspell væru faraldur í forsjárdeilum og um þjóðfélagsvanda væri að ræða. Rannsóknir sýna annað.

Andstætt því sem margir halda, að ósannar ásakanir um illa meðferð á börnum séu faraldur, þá eru þær sjaldgæfar.²⁴ ²⁵ Þær eru ekki algengari í forsjárdeilum en almennt gerist, samkvæmt niðurstöðum rannsókna á 9,000 forsjárdeilumálum í 8 fylkjum Bandaríkjanna.²⁶ Ásakanir um kynferðisbrot voru í 169 málum eða aðeins í 1.9% þeirra. Um helmingur ásakana töldust líklega

²² Gardner, 1992, bls. 126.

²³ Ceci & Bruck, 1995; Gardner, 1992a; 1992b; Wakefield & Underwager, 1988.

²⁴ Faller, 1988; 2005. Kathleen C. Faller, doktor í félagsráðgjöf og sálfræði, er prófessor við Michigan háskóla.

²⁵ McDonald, 1998.

²⁶ Thoennes & Tjaden, 1990; Thoennes, Pearson & Tjaden, 1988.

sannar, um þriðjungur líklega ósannar og restin óviss. Í aðeins átta málum voru ósannindin talin sett fram af illkvittni og í fimm málum vegna geðveiki. Alls 113 mæður ásökuðu feður og 56 feður ásökuðu mæður. Hér skiptir máli að samkvæmt rannsóknum eru flestir kynferðisbrotamenn karlkyns.

Kathleen C. Faller fann enga marktæka rannsókn sem studdi það að flestar ásakanir í forsjárdeilum um sífjaspell séu ósannar. Rannsóknir hennar og fleiri benda til þess að 20-30% ásakana um kynferðisbrot í forsjárdeilum séu ósannar, óvissa ríki um 10-20% og að 50-70% ásakana standist.²⁷ Einnig sýna þær að ósannar ásakanir um illa meðferð á börnum eru sjaldgæfar.

Rannsókn var gerð á 1,124 skilnaðarmálum er vörðuðu 1,875 börn í tveimur sýslum Kaliforníu. Viðtöl voru endurtekin við börnin einu ári síðar og aftur tveimur og hálfu ári síðar.²⁸ Helmingur þessara mála leystist án deilna. Í nær þriðjungu málanna risu deilur en voru leystar án dómstóla eða annarra stjórnvalda. Fimmtungur fjölskyldnanna náði að leysa deilur með aðstoð réttarkerfisins (11% í skyldaðri sáttamiðlun; 5% eftir formlegt forsjárhæfismat; 2% gerðu dómsátt; og 1,5% mála var úrskurðað af dómara). Rannsakendur mátu það svo að um 10% fjölskyldnanna hafi átti í verulegum lagalegum ágreiningi og 15% hafi upplifað mikinn spennuþrunginn lagalegan ágreining. Athygli vakti að þör sem áttu í hvað mestum fjandskap lentu ekki endilega í mestu lagalegu deilunum.

Barnavernd í Denver skoðaði allar skýrslur um kynferðisbrot í umdæminu árið 1983. Félagráðgjafar mátu að 53% ásakana stæðust, í 24% tilvika skorti upplýsingar og í 17% tilvika var tilkynnt í góðri trú en annars var það tilhæfulaust. Í 5% tilvika ályktuðu rannsakendur að misnotkun hefði ekki átt sér stað og tilkynning borist vegna ósanninda, rangrar skynjunar eða truflaðrar túlkunar á atvikum. Í 1% tilvika sagði barn ósatt eða hafði skynjað atvik ranglega, túlkað atvik skakkt eða hafði orðið fyrir innrætingu frá fullorðnum.²⁹

Í Norður-Karolínu skoðuðu rannsakendur niðurstöður í barnaverndarmálum hjá félagsþjónustum 100 sveitafélaga. Þeir fundu tíðni ásakana milli 4.7% til 7.6% og vaxandi með aldri barna.³⁰ Í klínískum athugunum með fáum tilfellum hafa fundist svipaðar tölur, 2% og 8%.³¹ Í Ástralíu fundust ásakanir um kynferðismisnotkun á börnum aðeins í 1.7% af forsjárdeilumálum.³²

5.2. Frá hverjum berast sannar og ósannar ásakanir?

Rannsakendur við félagsráðgjafadeild Toronto háskóla unnu mikilvæga rannsókn sem náði til 51 barnaverndarsvæðis víðsvegar um Kanada.³³ Allar barnaverndartilkynningar á tímabilinu okt-des 1998 voru kannaðar, alls 7,672. Í 903 málanna voru forsjárdeilur í gangi. Líkt og í fyrri rannsóknum reyndist yfir þriðjungur tilkynninga vera óstaðfestanlegar.

Rannsakendur fundu að mun algengara var að ósannur áburður um vanrækslu barna væri settur fram af ásetningi heldur en um kynferðislega misnotkun. Þegar foreldrar búa ekki saman reyndust forsjárlausir foreldrar (oftast feður) líklegri til að bera fram með ásetningi ósannan áburð heldur en forsjárforeldrið (oftast móðir). Ósannar tilkynningar komu aðallega frá nágrönnum, skyldmönnum og kunningjum, og svo ónafngreindu fólki. Foreldrar með forsjá (oftast mæður) og börn voru ólíklegust til þess að tilkynna ranglega

²⁷ Faller & DeVoe, 1995; Green, 1986; Jones & Seig, 1988; Paradise, Rostain & Nathansson, 1988; Thoennes & Tjaden, 1990.

²⁸ Macoby & Mnookin, 1992.

²⁹ Jones & McGraw, 1987.

³⁰ Everson & Boat, 1989.

³¹ Faller, 1988; Goodwin, Sahd & Rada, 1982.

³² Bordow, 1987.

³³ Trocmé & Bala, 2005.

um misnotkun eða vanrækslu. Tvö prósent ósannra tilkynninga komu frá börnum en engin þeirra var um kynferðisbrot.

Trocme og Bala rita að ósannar ásakanir með ásetningi í tengslum við aðskilnað foreldra séu ekki eins algengar og talsmenn réttindabaráttu feðra og gagnrýnendur á barnaverndarkerfi halda fram. Einnig að ekki sé ástæða til að hafa áhyggjur af því að það sé útbreitt vandamál að forsjárforeldrar reyni að ráðskast með réttarkerfið eða hefna sín á fyrrverandi maka. Samt sem áður sýni gögnin að það að fram komi grunsemdir eða óstaðfestur áburður eru verulegur þáttur í barnaverndarmálum, sérstaklega eftir að aðskilnað foreldra og í forsjárdeilum. Bent er á að þó svo að ósannar ásakanir settar af ásetningi skipti máli þá sé of mikil áhersla lögð á þær, miðað við það hve sjaldgæfar þær eru, í stað þess að horfa til algengari vandamála. Þau eru til dæmis það að rangar tilkynningar eru settar fram í góðri trú og það að mál leysast ekki þar sem grunur um misnotkun eða vanrækslu helst en fæst ekki staðfestur.

Það hefur aukið rangar tilkynningar um misnotkun barna að fólk er hvatt til þess að láta þau njóta vafans og tilkynna grun frekar en að gera það ekki. Einnig það að sumar stéttir hafa lögboðna skyldu til að tilkynna grun um kynferðisbrot og það að fagfólk fær ekki alltaf réttar upplýsingar um slíkt frá öðrum. Rannsóknir sýna að taka ber ásakanir um kynferðisbrot og vanrækslu alvarlega, jafnt innan sem utan forsjárdeilna.

5.3. PAS og greining sektar kynferðisbrotamanna

Til að styrkja PAS greiningar sínar útbjó Gardner „Kvarða fyrir sanngildi kynferðisbrotamanna“ (Sex Abuse Legitimacy Scale, SALS) til að greina á milli sannra og ósannra ásakana barna og mæðra um kynferðisbrot.³⁴ Hvorki var prófað réttmæti né áreiðanleiki SALS kvarðans.³⁵ Árið 1988 mat Jon Conte³⁶ félagsráðgjafi kvarðann sem hættulegan í notkun og sagði hann vera: „Líklega það óvísindalegasta rusl sem ég hef séð á vettvangi alla mína ævi.“³⁷

6. AFSTAÐA Í HEIMI VÍSINDA OG RÉTTVÍSI

6.1. PAS fær ekki vísindalega viðurkenningu

Í vísindaheiminum gildir sú aðferðafræði að réttmæti nýrra kenninga sé kannað af fræðimönnum með tilgátuprófun í rannsóknum. Gardner sleppti þessu, en kynnti sig sem sérfróðan frumkvöðul PAS sem væru viðurkennd vísindi.³⁸ Jafnvel eftir að aðferðum hans við að greina ósannindi í kynferðisbrotamálum var hafnað, hélt hann þeim á lofti og vitnaði í heimildir eins og þær styddu sjónarmið hans þó að þær gerðu það ekki.³⁹

Á árinu 1996 bókaði fagráð bandaríska sálfræðingafélagsins í ofbeldis- og fjölskyldumálum að rannsóknargögn skorti til að sýna fram á réttmæti PAS. Ráðið lýsti áhyggjum af notkun hugtaksins án þess að taka að öðru leyti formlega afstöðu til þess.

³⁴ Gardner, 1987a.

³⁵ Í Los Angeles árið 1990 prófaði höfundur að nota SALS í samanburðar rannsókn á kynferðisbrotamönnum sem neituðu eða játuðu sök (Gunnar H. Birgisson, 1996), en féll strax frá því vegna aðferðafræðilegra ágalla kvarðans.

³⁶ Dr. Jon Conte er klínískur félagsráðgjafi og ritstjóri *Journal of Interpersonal Violence*.

³⁷ Tilvísun í Moss, 1988.

³⁸ Faller, 1998; Houlton, 2006.

³⁹ Houlton, 2006. Jennifer Houlton doktor í lögfræði gerði allherjar vísindalega, lagalega og stjórnarfarslega greiningu á gildi PAS í vitnisburði fyrir dómi. Hún skoðaði öll úrskurðarmál á 20 ára tímabili í Bandaríkjunum og lagaleg greinaskrif með PAS tilvísunum. Niðurstaða greiningarinnar var að vísindi, réttvísi og stjórnvöld styddu frávísun á PAS fyrir dómi þegar í stað og varanlega. Sjá www.thelizlibrary.org/liz/Houlton-PASarticlechildrenslawjournal.pdf

Samtök geðlækna viðurkenna ekki foreldra firringar heilkenni. Umsókn um að PAS yrði tekið inn í greiningarkerfi bandaríska geðlæknafélagsins um geðsjúkdóma (DSM-IV) var hafnað.⁴⁰

Arið 2005 skrifuðu Paul Fink⁴¹ geðlæknir og Sol Gothard⁴² fyrrum dómari:

Foreldra firringar heilkennið hefur verið notað vítt um þjóðfélagið af ofbeldismönnum sem herbragð fyrir rétti til að þagga niður í misnotuðum börnum með því að gera tjáningu þeirra um misnotkun ótrúverðuga. Þessi kenning er ekki viðurkennd af bandaríska sálfræðingafélaginu, bandaríska geðlæknafélaginu eða bandaríska læknafélaginu. Foreldra firringar heilkenni er ekki samþykkt sem geðlæknisfræðileg greining og hefur verið hafnað af meginhluta hins sálfræðilega samfélags. Foreldra firringar heilkenni er rusl vísindi; það eru engar gildar rannsóknir eða raunprófanir sem styðja þessa óprófuðu kenningu.⁴³

Carol S. Bruch⁴⁴ varar við PAS og segir greiningu Gardners beinast aðallega að því hvort börn og elskaðar mæður ljúgi. Horft sé framhjá því hvort ásakaða foreldri sé ótrúverðugt eða hafi hagað sér á einhvern hátt þannig að það geti útskýrt hegðun barnsins. Gardner ráðleggi dómurum að taka ekki áskanir um barnamisnotkun alvarlega, jafnvel þó að þær séu studdar með vitnisburði þerapista barnsins. Svo rugli hann þroskatengdum viðbrögðum barna, sem harðar forsjárdeilur snúast um, saman við geðrof (psychosis) barna.

Morð og sjálfsvíg eru á meðal afleiðinga sem beiting PAS kenningar hefur haft.⁴⁵ Jennifer Hoult fór fram á að dómstólar vísuðu PAS alfarið og varanlega frá. Hún segir að PAS meðferð brjóti gegn siðareglum og gegn læknisfræðilegum og lagalegum skyldum um gætni og umönnun. Þerapistum sé ætlað með PAS aðferðum að vinna á vegum ríkisins að bestu hagsmunum feðra en ekki barna og mæðra. Beitt sé þvingaðri meðferð sem öll fjölskyldan verði að taka þátt í. Þerapistum sé ætlað að ógna börnum til hlýðni, rjúfa þagnarskyldu og hafna ásökun barna um misnotkun.

Deilur um PAS koma fyrir í 10% forsjármála en þau taka allt að 90% af tíma dómstóla.⁴⁶ Dómurum er gert að meta flókinn vitnisburð þar sem mikið ber í milli aðila sem koma sér illa saman og með börnin í miðri deilunni. Í þessum málum geta aðilar haft greiningar um geðveiki og persónuleikaröskun, auk þess sem áskanir eru um barnamisnotkun.

Dómurum er gert að úrskurða hjá hvoru foreldri barnið skuli dvelja og þeir treysta oft á sérfræðinga. Það auðveldar ekki stöðu dómarans þegar fagfólk er ósammála um greiningar og réttmæti hugtaka eins og PAS. Hafi barnið verið misnotað af föður ber dómaranum að vernda barnið fyrir honum. Sé móðirin aftur á móti að bera ósannar sakir á föður ber dómaranum að forða barninu frá henni og vernda samband barnsins við föðurinn. Í þessum málum er mikið í húfi og það varðar líf og framtíð barna og foreldra. Ábyrgð dómara við ákvarðanatökur er mikil og vandasöm. Ábyrgð annarra er að veita þeim traustar upplýsingar.

⁴⁰ Gardner, 2002.

⁴¹ Dr. Paul Fink geðlæknir er forseti Forysturáðs um barnavernd og heimilisofbeldi, og fyrrum formaður bandaríska geðlæknafélagsins.

⁴² Háttvirtur Sol Gothard er ráðsmaður í Þjóðarráði dómara í unglunga- og fjölskyldurétti.

⁴³ *Critics of child abuse film miss the point in rush to defend fathers*. Birt 1. nóvember 2005. Sótt 1. apríl 2009. Sjá leadershipcouncil.org/1/med/pr-fcfc.html.

⁴⁴ Bruch, 2002. Carol S. Bruch er prófessor í lögum og yfirmaður við Kaliforníuháskóla í Davis.

⁴⁵ Hoult, 2006.

⁴⁶ Ibid.

6.2. Saksóknarar vara við PAS

Rannsóknarstofnun bandarískra saksóknara telur mikilvægt að saksóknarar og annað fagfólk þekki til PAS.⁷ Bent er á að kenningin sé byggð á tveimur fyrirfram gefnum og óvísindalegum forsendum. Önnur er trú á háa tíðni ósannra ásakana í forsjardeilum. Hin er sú trú að mæður telji sig standa höllum fæti í forsjardeilum og grípi því til ósannra ásakana. Bent er á að PAS sé óprófuð kenning sem, óvæfengd, geti haft víðtæk áhrif fyrir börn sem leita eftir vernd og lagalegu réttlæti fyrir dómstólum.

6.3. Dómarar hafna PAS

Hið bandaríska Þjóðarráð dómara í unglínga- og fjölskyldurétti⁸ komst að þeirri niðurstöðu að PAS hafi ekki vísindalegt réttmæti. Ráðið ályktaði: „Sérhverjum vitnisburði um að aðili í forsjardeilu sé haldinn heilkenni af ‘foreldra firringu’ skal þess vegna vera vísað frá og hann strikaður út úr matsgögnum samkvæmt bæði *Daubert* staðli og fyrri *Fryer* staðli.”

7. KONUR OG FORELDRA FIRRINGAR HEILKENNI

7.1. Barátta kvenna gegn PAS

Konur hafa risið upp gegn PAS.⁹ Þær gagnrýna PAS-sinnaða lögmenn, sálfræðinga og geðlækna fyrir brot á siðareglum og fyrir að láta senda börn til ofbeldismanna. Þær gagnrýna dómara sem láta PAS viðgangast fyrir rétti.

Konur vekja athygli á því að eftir að hafa fengið PAS sjúkdómsgreiningu, sem engin lækning sé við, eigi þær enga leið út úr því. Þær lenda í þverstæðum. Láti móðir með PAS greiningu barn af hendi gegn betri vitund, þá bregst hún barninu. Láti hún barnið ekki af hendi, þá „sannast” PAS sjúkdómsgreiningin. Haldi mæður áfram baráttunni fyrir því að fá börnin aftur til baka, sem tekin voru af þeim, þá eru þær taldar í afneitun, mótþróa eða með þráhyggju. Gefist þær upp á því að fá börnin til sín eru þær ásakaðar um að hafna þeim. Sama hvað þær gera þá virðast þær dæmdar til að tapa. PAS sjúkdómsgerir rétt kvenna til að krefjast síns lagalega réttar.¹⁰

7.2. Jöfn eða ójöfn staða kynja fyrir dómstólum?

Vegna meintra brestra hjá mæðrum taldi Gardner þær standa veikt í forsjardeilum, ef dómstólar dæmdu eftir bestu hagsmunum barns, og af þeirri ástæðu gripu þær til þess ráðs að ásaka feður um óhæfuverk. Rannóknir erlendis styðja ekki þetta sjónarmið hans.¹¹

Niðurstöður dóma í forsjármálum hérlendis styðja heldur ekki þá skoðun Gardner að mæður standi veikt að vígi fyrir rétti. Það er ekki að sjá af þeim hvers vegna mæður sérstaklega hafi ástæðu til að grípa til grófra ósanninda. Við athugun á 90 héraðsdómum¹² frá árunum 1995 til 2001, fann Ingólfur V. Gíslason að feður fengu forsjá 58 barna (40%) en mæður 88 barna (60%).¹³ Að því gefnu að báðir foreldrar teldust forsjarhæfir virtust eftirfarandi þættir hafa áhrif á niðurstöður: 1) Hvoru foreldranna barnið væri nánara. 2) Hvort fyrirkomulagið ylli minna raski í lífi barnsins. 3) Hvort foreldranna væri líklegra til að tryggja

⁷ **Ragland & Fields**, 2003. Sjá American Prosecutors Research Institute, www.ndaa.org/apri/index.html.

⁸ National Council of Juvenile and Family Court Judges (2006). *Navigating custody and visitation evaluations in cases with domestic violence*. Sótt 15. mars 2009 frá: www.ncjfcj.org.

⁹ Sjá <http://batteredmomslosecustody.wordpress.com/2009/02/24/maternal-deprivation-research/>.

¹⁰ **Hoult**, 2006.

¹¹ *Ibid.*

¹² Þar af voru 54 mál frá Héraðsdómi Reykjavíkur og 17 frá Héraðsdómi Reykjaness.

¹³ **Ingólfur V. Gíslason**, 2004. Hann er lektor í félagsfræði á sviði karlafræði, fæðingarorlofs og jafnréttismála við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

umgengni barns við forsjárlaus foreldrið. 4) Viðhorf barna skiptu máli, ef þau komu fram, sérstaklega eftir því sem börnin voru eldri.

Þess ber að geta að í þeim fáu forsjármálum sem ekki náðist að sætta fyrir Héraðsdómi Reykjaness á árunum 2002-2005 fengu feður dæmda til sín forsjá oftast en mæður.⁵⁴

8. PAS OG ÁHERSLAN Á ÞVINGUNARÚRRÆÐI

8.1. Meðferð á konum og börnum

Gardner ráðlagði engin vettlingatök á börn og mæður.⁵⁵ Stjórnvöld skyldu hvergi hvika frá settri stefnu þó að barn gréti og berðist um. Ef móðirin sýndi mótþróa þá ætti hún að fá refsidóm, jafnvel fangelsisvist. Barnið mætti ekki hafa samband við móður í um einn mánuð. Eingöngu eftir að búíð væri að af-innræta barnið mætti hefja hæga aðlögun þess að móður í umgengni undir eftirliti.

Gardner taldi að sálræn meðferð gæti hjálpað en eingöngu ef báðir foreldrar væru viðstaddir. Skilyrði væri að móðirin ynni úr afbrýðisemi sinni, reiði og andúð á föðurnum. Feður fengu ekki fyrirmæli um að breyta sér. Gardner taldi að, „mikilvægasti þátturinn í meðferð þessara barna er tafarlaus flutningur þeirra á heimili hins svokallaða hataða foreldris eða á vistheimili á meðan breytingin gengur yfir. Sálfræðimeðferð ein og sér er líklega gagnslaus á meðan það býr hjá hinu svokallaða elskaða foreldri.“⁵⁶

8.2. Mildi eða harka

Kröfur Félags um foreldrajafnrétti um beitingu PAS aðferða og um auknar þvinganir og refsingar í forsjárdeilum eru umhugsunarefni. Hið sama á við um áherslu félagsins á að skapa ótta hjá mæðrum við refsingu því að það hafi forvarnargildi. Áhrifa þrýstings í átt til harðari aðgerða er farið að gæta í meðferð forsjárdeilna héraðsdóms. Umræðan hér hefur verið einlit og ýmsir eru farnir að trúá PAS áróðri sem er í gangi og telja jafnvel að um góð og gild vísindi sé að ræða.

Fræðimenn, sem rannsakað hafa PAS, álíta að grófar aðgerðir til að stjórna börnunum virki illa og séu óþarfar. Börn frá rofnum fjölskyldum, á aldrinum 9-12 ára, sýna gjarnan reiði yfir skilnaði foreldra sinna. Þau kenna oft öðru foreldri sínu um skilnaðinn og halla sér meira að hinu og þá oftast að því sem haft hefur meira með þau að gera. Þessi börn láta af reiði sinni og höfnun á hinu foreldrinu þegar þau þroskast, án þess að það þurfi að þvinga þau nokkuð, oftast innan eins til tveggja ára eða fyrir 18 ára aldur.⁵⁷

Búast má við því að erfiðara geti orðið fyrir börn að ná sátt við föður ef þeim finnst að hann hafi staðið fyrir ósanngjörnum eða yfiringilegum aðgerðum til að fá þau til sín. Slíkar aðferðir geta haft önnur áhrif en til er ætlast, sérstaklega ef börnin upplifa þær mjög neikvætt, jafnvel sem refsingu eða sem ógn við tilveru sína.

Sýnum skilnaðarbörnum þolinmæði og skilning. Gefum þeim tíma til að jafna sig. Leyfum þeim að þroskast út úr mótþróa og reiði sinni og fá að átta sig á breytingunum. Börn eru misjafnir einstaklingar og þau hafa sín sérstöku viðbrögð. Tökum mark á því þegar þau segjast vera hrædd. Þá þurfa þau aðstoð okkar til þess að geta hætt að vera hrædd. Þau hætta ekki að vera hrædd ef þau eru tekin frá foreldri sem þau treysta og vilja vera hjá. Hjálpum þeim að segja frá því sem þeim liggur á hjarta og af hverju þau eru hrædd. Gefum okkur það ekki að um PAS sé að ræða. Gerum enn betur og höfnum PAS alfarið eins og verið er

⁵⁴ Jónas Jóhannsson, 2006. Hann var þá héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjaness, en er nú við Héraðsdóm Reykjavíkur.

⁵⁵ Gardner, 1985.

⁵⁶ Ibid., bls. 6.

⁵⁷ Bruch, 2002.

að gera þar sem reynsla hefur fengist af því. Berum virðingu fyrir börnum sem vitibornum einstaklingum sem hafa sínar hugsanir, tilfinningar og skoðanir. Það eru þeirra mannréttindi að hlustað sé á þau eins og aðra.

8.3. Kröfur Félags um foreldrajafnrétti um breytingu á löggjöf

Félag um foreldrajafnrétti (FUF) krefst breytinga á löggjöf í landinu. Skoðum nú sex af þessum kröfum.* Fyrsta krafa FUF:

Efla þarf þekkingu á PAS ofbeldi og þjálfra sérfræðinga til að greina PAS. Hér þarf strax að skipa sérfræðiaðstoð við nefnd dómsmálaráðherra sem nú situr við endurskoðun barnalaga. PAS þarf að fá réttarfarsleg áhrif.

Úr eftirfarandi tilvitnun virðst mega lesa það að forsjárforeldri[®] verði að sanna gildar ástæður þess að barn vilji ekki fara til forsjárlausss foreldris. Annars skuli tafarlaust gripið til þeirra ráðstafana að færa barnið í umgengni með opinberu valdi.

Önnur krafa FUF:

Sönnunarbyrði verði snúið við í tálmunarmálum. Hægt verði að þvinga fram umgengni með fulltingi yfirvalda (innsetning) á meðan málið er rannsakað. Innsetning til bráðabirgða þarf að verða úrræði í upphafi tálmunarmáls en ekki lokaúrræði.

Innsetning er það að taka barn með dómsvaldi af heimili sínu og flytja það á annan stað með aðfarargerð samkvæmt 45. gr barnalaga nr. 76/2003. FUF notar hugtakið „tálmunarmál“ sem er gildishlaðið og gefur foreldra firringu til kynna. Félagið krefst skerpingar á þessu ákvæði, sbr. orðalagið „að þvinga fram umgengni“ „með fulltingi yfirvalda,“ „umsvifalaust“ og „í upphafi tálmunarmáls.“ Það ætlast til þess að yfirvöld bregðist við í innsetningarmálum um leið og kvörtun berst og flytji barn til áður en mál hljóta rannsókn. Venjan er sú að rannsaka slík mál áður en gripið er til aðgerða.

Huga þarf að rétti barna. Barnalögin kveða á um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum 13. kafla laga um aðför, en að gætt sé ákvæða 43. gr. barnalaga sem m.a. kveða á um rétt barns til að tjá sig. Réttur barns til að tjá sig áður en til aðfarar kemur er því lögbundinn. Dómkveðja má sérfróðan mann til að kynna sér viðhorf barns og gefa skýrslu um það, og þegar það er ekki gert getur dómari falið sérfróðum manni verkið.

Huga þarf að rétti barns til að neita að fara í umgengni. Í 45. grein barnalaga er ekki tekið til þess að barn neiti að fara í umgengni. Greinin kveður á um aðstæður þar sem sá sem barn dvelst hjá neitar að afhenda það réttum forsjármanni, að þá geti héraðsdómari, að kröfu hans, ákveðið að forsjánni verði komið á með aðfarargerð. Athyglisvert er að þarna er notað orðið forsja en ekki umgengni. Ef til aðfarar kemur, segir í greininni, “skal sýslumaður boða fulltrúa barnaverndarnefndar til að vera viðstaddan gerðina og skal hann gæta hagsmuna barns. Sýslumaður getur leitað liðsinnis lögreglu við gerðina og er lögreglu skylt að verða við slíkum fyrirmælum sýslumanns. Lögreglumenn skulu vera óeinkennisklæddir við gerðina. Framkvæmd aðfarar skal hagað þannig að sem minnst álag verði fyrir barn og er sýslumanni heimilit að stöðva gerðina telji hann sérstaka hættu á að barn hljóti skaða af framhaldi hennar.”

Hætt er við því að réttur barns geti verið fyrir borð borinn í deilum hinna fullorðnu eða að ekki sé nægilega mikið tekið mark á barni sem segir farir sínar ekki sléttar. Ef stjórnvöld, barnavernd og dómstólar ganga út frá kenningu um foreldra firringar heilkenni eru miklar líkur á því að lítið eða ekkert mark yrði

* Beinar tilvitnanir í kafla 8.3. eru úr Hvers vegna? bæklingi FUF. Sjá, www.foreldrajafnretti.is.

* Þetta getur líka átt við um foreldri sem barn, í sameiginlegri forsja, á lögheimili hjá.

tekið á barni sem segðist af einhverjum ástæðum ekki vilja fara í umgengni til annars foreldris síns. Þar með myndi réttur barns til að tjá sig samkvæmt 43. gr. barnalaga skerðast verulega.

Krafa FUF um að snúa sönnunarbyrði við felur í sér að áhyggjur eða efasemdir forsjárforeldris yfir því að senda barn í umgengni til forsjárlaus foreldris verða marklausar nema að fyrir liggi sannanir. En þá sannanir um hvað? Orð forsjárlosa foreldrisins skulu samkvæmt kröfu FUF fá meira vægi en orð forsjárforeldris og barns. Án sannana skuli tafarlaust færa barn á milli staða þó að óviljugt sé.

Þriðja krafa FUF:

Alvarlegar ásakanir um andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi verða að vera refsiverðar samkvæmt refsilöggjöf ef ljóst er að þær voru settar fram gegn betri vitund. Slíkar ásakanir geta verið mannorðsmorð foreldris.

Rannsóknir sýna að vísvitandi ósannar ásakanir um barnamisnotkun í forsjárdeilum eru fátíðar.⁶⁰ Einnig sýna þær að forsjárlausir foreldrar eru hvað líklegastir til að setja slíkar ásakanir fram en forsjárforeldrar eru ólíklegir til þess og börn sömuleiðis.⁶¹ Hlusta ber á börn og jafnan skal taka mark á þeim. Allar ásakanir um hverskyns misnotkun eða ofbeldi þarf að taka alvarlega og rannsaka vel. Þó svo að ásakanir um slíkt komi fram eftir aðskilnað foreldra þá þýðir það alls ekki að þær séu ósannar. Stundum þora börn þá fyrst að segja frá reynslu sinni.

Fjórða krafa FUF:

Dagsektir sem lagðar eru á lögheimilisforeldri þurfa að bíta, enda er þá sýslumaður búinn að úrskurða að tálmanir séu ótengdar hagsmunum barnsins. Innsetning þarf að koma í beinu framhaldi, óháð því hvort dagsektir eru greiddar eða ekki.

Álagðar dagsektir eru nú kr 5.000-15.000 á dag og dæmi hver fyrir sig hvort að slík útgjöld bítu ekki á flestum heimilum.

Fimmta krafa FUF:

Innsetningarákvaði eftir endanlegan úrskurð þurfa að vera til langs tíma þannig að það foreldri sem brýtur umgengnisúrskurð viti að umgengni verði þvinguð fram með fulltingi yfirvalda. Slíkt hefur forvarnargildi.

Farið er fram á að þvingun vofi yfir forsjárforeldri til langs tíma. Þá væntanlega hegði það sér vel. Ágreiningur skapast í þessum málum um það hvort umgengnisúrskurður sé brotinn eða hvort barnið sjálft neiti að fara í umgengni. Viljum við hafa yfirvofandi þvinganir valdsmanna yfir heimilum eins og FUF boðar?

Sjötta krafa FUF:

Ástæðulausar ítrekaðar umgengnistálmanir verði gerðar refsiverðar samkvæmt refsilöggjöf. Að svipta barn foreldri sínu í vikur, mánuði eða ár er andlegt ofbeldi gagnvart barninu og hinu foreldrinu. Slíkt ofbeldi varðar fangelsisvist í Frakklandi og víðar.

Þessi krafa er sett fram líkt og um útbreitt vandamál sé að ræða þar sem forsjárforeldrar tálmi umgengni af illkvittni og geri það til langs tíma. Það hefur alls ekki verið sýnt fram á að svo sé en þessu hefur oft verið ranglega haldið fram

⁶⁰ Faller, 1998; 2005; Trocmé & Bala, 2005.

⁶¹ Ibid.

í fjölmiðlum og margir eru farnir að trúá þessari firru nú orðið. Þegar umgengni liggur niðri til lengri tíma liggja venjulega flóknar og margþættar ástæður þar að baki en ekki sú ein að um umgengnistálmun forsjarforeldris sé að ræða sem það skuli sett í fangelsi fyrir.

8.4. Frjálslegar tilvísanir í heimildir og túlkanir á niðurstöðum rannsókna

Gardner varð uppvís að því að misfara með vísindalegar heimildir við útbreiðslu PAS kenningar sinnar.⁶² Margir hafa með svipuðum hætti villt um fyrir dómurum, lögmönnum og stjórnvöldum í forsjardeilum með rangtúlkunum og útúrsnúningum á vísindaniðurstöðum.⁶³

Villandi tilvísanir í heimildir og órökstuddar staðhæfingar finnast víða í lesefni sem Félag um foreldrajafrétti gefur út eða dreifir. Til dæmis fullyrðir Stefanía K. Karlsdóttir⁶⁴ að það sé „ákveðin útbreidd skoðun fólks“ sem hafi reynslu af kerfinu og vinni jafnvel fyrir það að réttarkerfið á Íslandi varðandi rétt barna til að umgangast báða foreldra sína sé:

... handónýtt þegar kemur að skilvirkni og rétti barnsins. Reynslan sýnir að kerfið leggur áherslu á að vernda hagsmuni mæðranna en ekki barnanna. Börnin eru algjörlega varnarlaus fyrir þeim skaða sem þessi rangindi valda þeim, enda sýna allar rannsóknir að tengslarof, tálmun á umgengni, deilur og útilokun föður úr lífi þeirra er það versta sem hægt er að gera barni.⁶⁵

Engin heimild er gefin fyrir því hvaðan „ákveðin útbreidd skoðun fólks“ sé fengin og engar tilvísanir eru í „allar rannsóknir“ sem hún getur um. Það er að sjálfsgöðu mikilvægt að börn og feður myndi góð geðtengsl sín á milli og haldi þeim, og það er alvarlegt mál ef eitthvað skilur þar á milli. Deila má um það hvort að útilokun barns frá föður sé það versta sem barni sé gert, og þá verra en t.d. útilokun þess frá móður eða að það verði fyrir andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi.

Stefanía K. Karlsdóttir vitnar víða í Gardner, telur hann virtan vísindamann og lofar skoðanir hans. Látum það vera, en skoðum eftirfarandi málgrein:⁶⁶

Barnageðlæknirinn Dr. Gardner er einn af afkastamestu rannsakendum á PAS ofbeldi. Hans helstu niðurstöður eru að foreldri sem beitir PAS ofbeldi á við sjúklegt ástand að stríða (e. pathological medical syndrome). Þessir foreldrar beita á börn sín óforsvaranlegri herferð og ófrægingu gegn hinu foreldrinu með beitingu á innrætingu og heilapvotti svo að barnið er sjálft farið að beita rógburði og höfnun á hitt foreldri sitt.

Síðastu setninguna (hér skáletruð) eignar hún af einhverjum ástæðum lögfræðingnum Dr. Jennifer Hoult, sem taldi að frávísa bæri PAS vitnisburði alfarið úr dómsölum.

Stefanía K. Karlsdóttir misfer einnig með afstöðu höfundar:

Einnig eru sérfræðingar í auknum mæli að benda á PAS ofbeldi í umgengnis/ forræðismálum og bendir Gunnar Hrafn Birgisson, sálfræðingur (svo) að 'svona mál [umgengnistálmanir og PAS ofbeldi] geta haft langvarandi áhrif og mjög slæm áhrif á líðan og þroska barnanna og geta í raun haft áhrif á það hvernig þeim vegnar í lífinu'.³² Gunnar segir að foreldri slíti stundum

⁶² Hoult, 2006.

⁶³ Bruch, 2006.

⁶⁴ Stefanía K. Karlsdóttir, 2008a; 2008b; 2009. Hún er stjórnarmaður í FUF og skráir sig hafa „lokið B.Sc námi í Matvælafræði, Uppeldis- og kennslufræði, M.A í Stjórn málafræði og MBA í viðskiptafræði.“ Í greinunum fer hún frjálslega með heimildir og fullyrðingar. Það er ekki rými til að leiðrétta það allt hér, en skoðum dæmi.

⁶⁵ Ibid., 2008b, bls. 10.

⁶⁶ Ibid., 2009, bls. 1.

sambandi barna við hitt foreldrið algjörlega og vinnur (svo) svo markvisst að því að skemma samband barnsins við það. Þetta fyrirbæri er kallað foreldrafjarlægingarheilkenni eða PAS....⁶⁷

³²Gunnar Hrafn Birgisson, DV 11. ágúst 2008 bls 9.

Hún hefur ranglega eftir höfundu og kynnir hann (og ónefnda sérfræðinga) sem talsmann PAS viðhorfa sem er allsendis ósatt.

9. SÆTTIR Í FORSJÁRDEILUM

Hérlendis hefur sáttameðferð farið vaxandi undanfarin ár, þróast hratt og gefið góða raun. Mörg deilumál sem sætt hafa verið hefði Gardner talið vera dæmigerð PAS mál, en hann taldi trúlegt að PAS fyndist í um 90% forsjárdeilumála.⁶⁸ Kenning hans leiðir ekki til sátta heldur er hún til þess fallin að ala á tortryggni og ásökunum á milli foreldra og etja þeim saman.

Í sáttameðferð sættast foreldrar oft á sameiginlega forsjá barna, eða þeir semja um það að forsjá sé í höndum annars foreldrisins ef það hentar börnunum betur. Oft er samið um rúma umgengni og æ fleiri foreldrar semja um jafna umgengni þegar hentug skilyrði eru fyrir því barnanna vegna. Flestir foreldrar leggja mikið upp úr góðri samvinnu við hitt foreldrið og kjósa að geta haft nokkurn sveigjanleika á umgengnistímum. Gjarnan er hugað að því að rækta víðari fjölskyldutengsl barns beggja vegna í ættum.

Þegar við skoðum árangur af sáttameðferð sést að vænlegra er að leggja áherslu á sættir í forsjárdeilum heldur en PAS aðferðir. Í Héraðsdómi Reykjaness voru sætt 106 af 142 málum á árunum 1999-2005.⁶⁹ Þrjú síðustu árin var hlutfallið 87%, 96% og 84% eftir tímaröð. Í nokkrum málum sem ekki náðist að sætta og dæma þurfti í frá árinu 2002 unnu feður oftast forsjármál en mæður.

Í sérfræðiráðgjöf sýslumannsembætta á suðvesturlandi fór fram sáttmeðferð í 1443 málum á árunum 2000-2008 og meðalfjöldi viðtala á mál var 2,8 viðtöl.⁷⁰ Könnun sýslumannsfulltrúa í Reykjavík yfir hálf tærið 2000 leiddi í ljós að sáttahlutfall var 90% og að börnin voru ánægð með sáttina í 95% tilfella og foreldrarnir í 80%.⁷¹ Sáttahlutfall árið 2004 á öllu suðvesturlandi var 86%, þ.e. 106 af 123 málum voru sætt.⁷²

10. UMRÆÐA OG NIÐURSTÖÐUR

Það er áhyggjuefni að áhrif kenningar um foreldra firringar heilkenni eða PAS hafa aukist við vinnslu forsjárdeilna hérlendis. Vegna alvarlegra afleiðinga þeirrar hugmyndafræði á undanförunum árum fyrir börn í Bandaríkjunum er verið að hafna henni þar og vara við henni á sviðum vísinda og réttvísí.

Félag um foreldrajafnrétti þrýstir nú á um breytingar á lögum þannig að PAS kenningin hljóti viðurkenningu hérlendis og að velferðarkerfið og réttarkerfið taki upp þau vinnubrögð í forsjárdeilum. Reynt er að ráðskast með löggjafa, stjórnvöld og dómstóla. Veittar hafa verið villandi upplýsingar. Raunsönn þekking þeirra sem með forsjárdeilur fara á PAS er brýn. Taka verður skýra afstöðu til PAS, annars er hætt við nýrri Breiðavíkur harmsögu.

PAS kenningin er að mestu hugarburður og órökstuddar staðhæfingar Richards A. Gardners geðlæknis. Frá árinu 1985 hefur kenningin verið ranglega

⁶⁷ Ibid., bls. 7.

⁶⁸ Faller, 1998; 2005; Trocmé & Bala, 2005.

⁶⁹ Jónas Jóhannsson, 2006. Höfundur fékk þann heiður að vinna með Jónasi að sáttum margra þessara mála.

⁷⁰ Gunnar H. Birgisson & Jóhann Loftsson, 2009. Þessir tveir sálfræðingar hafa sinnt sérfræðiráðgjöf dómsmálaráðuneytis og sýslumannsembætta á suð-vesturlandi frá upphafi hennar árið 2000.

⁷¹ Jóhann B. Loftsson, 2000.

⁷² Edda Hannesdóttir & Elsa I. Konráðsdóttir, 2005.

kynnt fyrir dómstólum sem vísindi og læknisfræðileg lausn í forsjárdeilum, en í raun er hún ofureinföldun á þeim og villuljós. Gardner bjó til hugtakið PAS um fjölskyldusamskipti og þóttist skýra hvernig þau samskipti urðu til. Kenning hans getur virst hafa skýringagildi en það að kenning líti út fyrir að skýra fyrirbrigði þýðir ekki að hún skýri þau rétt eða á hjálplegan hátt. Þar að auki krefst það að skýra tengsl orsaka og afleiðinga í mannlegum samskiptum vandaðra vísindalegra rannsókna, en það skilyrði uppfyllir PAS kenningin ekki.

Fullyrðingar Gardner, sem margir trúá, um að ósannar ásakanir um barnamisnotkun séu algengari í forsjárdeilum en almennt gerist, standast ekki. PAS hefur verið notað til þess að gera mæður og börn ótrúverðug fyrir dómi og þagga niður kvartanir um barnamisnotkun. Ný rannsókn sýnir að forsjárforeldrar (oftast mæður) og börn eru ólíklegust til að bera fram tilhæfulausar ásakanir um illa meðferð á börnum og að forsjárlaus foreldri (oftast feður) eru líklegust til þess.

PAS hefur valdið langvarandi tilfinningalegum skaða hjá mörgum börnum og mæðrum. Konur og börn, sem greind hafa verið með foreldra firringar heilkenni, hafa myndað með sér baráttusamtök. Þau segja frá óréttlæti og þjáningum sínum. Hundruðir barna hafa verið send til feðra sem misnotuðu þau og tálmuðu umgengni þeirra við mæðurnar. Fregnir eru af hefndaraðgerðum og sjálfsvígum barna. Um útbreitt og djúpstætt samfélagsvandamál vestan hafis er orðið að ræða.

Forsjárdeilur leysast oftast án PAS aðferða en þær leysast varla nokkurn tíma með þeim. Farsælla er strax frá byrjun að lempa forsjárdeilur, sætta foreldra og skapa frið um börn. PAS hugmyndir ala á deilum og aðferðirnar þykja harðneskjulegar og til ógagns. Þeim er þó haldið á lofti af þeim sem telja sig hafa hagsmuna að gæta. Ýmsir ósiðavandir eða sanntrúaðir PAS-sinnar, þ.e. matsmenn, sáttamiðlarar og lögmenn, hafa stórgrætt á því að halda PAS málum gangandi svo árum skiptir, en aðilar og skattgreiðendur borgað brúsann.

PAS kenningunni er hafnað af helstu fræðimönnum og þeir vara við henni. PAS hugtakið er ekki viðurkennt í geðlæknisfræði og sálfræði. Sterkar kröfur eru uppi um að vísa PAS hugtakinu frá dómstólum. Þjóðarráð dómara í unglínga- og fjölskyldudómi ályktaði árið 2006 að vísa skuli hugmyndum um foreldra firringar heilkenni alfarið frá bandarískum dómstólum og strika það út úr matsgögnum.

En hvað skal til bragðs taka ef barn hafnar foreldri við skilnað eða sambúðarslit? Munum að tilfinningar barna og viðhorf breytast með gangi lífsins og sama á oftast við um höfnun þeirra á foreldrum. Ef barni verður uppsigað við annað foreldri sitt í skilnaðarferli og neitar að hitta það, er betra að varast oftúlkanir um krísuástand og fljótfærnislegar ályktanir um varanleika. Með hörku og þvingun á barni, og með því að fordæma annað foreldrið, getur ástandið versnað óþarflega og orðið erfiðara að leysa úr því.

Eðlilega geta börn orðið reið við skilnað foreldra sinna og sum þeirra kennt öðru foreldri sínu um frekar en hinu. Sú reiði, sem tengist gjarnan sorg, gengur oftast yfir. Börnum rennur reiðin og þau átta sig í breyttri tilveru sinni. Þá skapast nýr grundvöllur til viðræðna og satta. Þetta gerist mishratt og stundum er um eins til tveggja ára ferli að ræða. Með PAS aðferðum minnka líkur á að það skapist friður í fjölskyldum og gagnkvæm fyrirgefning foreldra og barna.

Kvíði barns er oft, ekki síður en reiði, undirliggjandi þáttur þegar barn hafnar foreldri sínu. Hegðun barns getur þá komið fram sem fælmi gagnvart foreldrinu. Sú fælmi getur tengst því að barnið hafi orðið vitni að hörðum deilum foreldra sinna eða átökum. Stundum horfir fólk meira til reiði og mótþróa barns en sést kvíðann. Fjölskylda á skilnaðartíma er undir miklu streituálagi og dómgreind foreldra og barna er þá síðri en venjulega. Við þær viðkvæmu aðstæður er gjarnan stutt í misskilning og fljótfærnislegar ályktanir sem skerpa andstæður og deilur frekar en að greiða úr þeim.

Forsjárdeilur snúast hvorki um feður né mæður, eða um jafnrétti þeirra, heldur hvað sé best fyrir börnin. Mikilvægt er að börnum sem eiga foreldra í forsjárdeilum sé sýndur skilningur og að komið sé fram við þau af virðingu, umhyggju og mildi. Eðlilegt er að þau finni til ótta og tjái áhyggjur sínar í breyttri tilveru sinni, eða að þau sýni andúð og reiði út í annað foreldri sitt eða bæði. Enginn viðurkennd gögn réttlæta að slík hegðun sé greind sem sjúkdómur, heilapvottur eða illgirni. Börnin þarfnast hjálpar til að átta sig og aðlaga sig að nýrri skipan fjölskyldunnar, svo að þau geti á ný farið að njóta sín og þeim liðið vel.

HEIMILDASKRÁ:

- Bordow, S.: *A survey of sexual child abuse cases*. Family Court of Australia, Counselling Service, Sidney 1987.
- Bruch, C. S.: Parental alienation syndrome and alienated children - getting it wrong in child custody cases. *Child and Family Law Quarterly*, 14 (4), 2002, bls. 381-400.
- Bruch, C. S.: Sound research or wishful thinking in child custody cases? Lessons from relocation law. *Family Law Quarterly*, 40 (2), 2006, bls. 281-314.
- Ceci, S. J., & Bruck, M.: *Jeopardy in the courtroom: A scientific analysis of children's testimony*. American Psychological Association. Washington, DC 1995.
- Dallam, S. J.: The parental alienation syndrome: Is it scientific? Í E. St. Charles & L. Crooks (Ritsj.) *The failure of family courts to protect children from abuse in custody disputes*. Our Children Our Future Charitable Foundation. Los Gatos, CA 1999.
- Edda Hannesdóttir & Elsa I. Konráðsdóttir: *Samvoistarslit foreldra: Ákvarðanir um framtíð barna við skilnað og sambúðarslit*. Háskóli Íslands. Reykjavík 2005.
- Everson, M. D., & Boat, B. W.: False allegations of sexual abuse by children and adolescents. *American Academy of Child and Adolescent Psychiatry*, 28, 1989, bls. 230-235.
- Faller, K. C.: *Child sexual abuse: An interdisciplinary manual for diagnosis, case management, and treatment*. Columbia University Press. New York 1988.
- Faller, K. C.: Possible explanations for sexual allegations in divorce. *American Journal of Orthopsychiatry*, 61 (1), 1991, bls. 86-91.
- Faller, K. C.: The parental alienation syndrome: What is it and what data support it? *Child Maltreatment*, 61 (2), 1998, bls. 100-115.
- Faller, K. C.: False accusations of child maltreatment: A contested issue. *Child Abuse and Neglect*, 29 (12), 2005, bls. 1327-1331.
- Faller, K. C., & DeVoe, E.: Allegations of sexual abuse in divorce. *Journal of Child Sexual Abuse*, 44 (4), 1995, bls. 1-25.
- Gardner, R. A.: Recent trends in divorce and custody litigation. *The Academy Forum*, 29 (2), 1985, bls. 3-7.
- Gardner, R. A.: *Child custody litiagtion: A guide for parents and mental health profesionals*. Creative Therapeutics. Cresskill, NJ 1986.
- Gardner, R. A.: *The parental alienation syndrome and the differentiation between fabricated and genuine child sex abuse*. Creative Therapeutics. Cresskill, NJ 1987a.
- Gardner, R. A.: Child custody. Í J. Noshpitz, *Basic handbook of child psychiatry* (B. 5, bls. 637-645). Basic Books. New York 1987b.
- Gardner, R. A.: *The parental alienation syndrome*. Creative Therapeutics. Cresskill, NJ 1992a
- Gardner, R. A.: *True and false allegations of sexual abuse*. Creative Therapeutics. Cresskill, NJ 1992b.
- Gardner, R. A.: True and false accusations of child sexual abuse. *Creative Therapeutics Magazine*, 1992c, bls. 46-47.
- Gardner, R. A.: *Does DSM-IV have equivalents for the parental alienation syndrome (PAS) diagnosis?* 2002, bls. 1-17. Sótt 20. mars 2009. Sjá www.fact.on.ca/Info/pas/gard02e.htm.
- Gardner, R. A.: The judiciary's role in etiology, symptom development, and treatment of parental alienation syndrome (PAS). *American Journal of Forensic Psychology*, 21 (1), 2003, bls. 39-64.
- Garðar Baldvinsson: *Feður og börn á nýrri öld*. Félag ábyrgra feðra. Reykjavík 2004.
- Goodwin, J., Sahd, D., & Rada, R.: False accusations and false denials of incest: Clinical myths and clinical realities. *Sexual Abuse: Incest Victims and Their Families*, 17, 1982, bls. 17-26.
- Green, A.: True and false allegations of sexual abuse in child custody disputes. *Journal of the American Academy of Child Psychology and Psychiatry*, 25 (4), 1986, bls. 449-456.

- Gunnar H. Birgisson: Differences of personality, defensiveness, and compliance between admitting and denying male sex offenders. *Journal of Interpersonal Violence*, 11 (1), 1996, bls. 118-125.
- Gunnar H. Birgisson & Jóhann Loftsson: Sérfræðiráðgjöf í sífjamálum á vegum dómsmálaráðuneytis og sýslumannsembætta á suð-vesturlandi. Ársskýrsla 2008. Reykjavík 2009.
- Hoult, J.: Evidentiary admissibility of parental alienation syndrome. *Children's Legal Right Journal*, 26 (1), 2006, bls. 1-61.
- Ingólfur V. Gíslason: Dómar í forsjardeilum. Í Ú. Hauksson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum V.* (bls. 207-217). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan. Reykjavík 2004.
- Jones, D. P., & McGraw, J. M.: Reliable and fictitious accounts of sexual abuse to children. *Journal of Interpersonal Violence*, 2 (1), 1987, bls. 27-45.
- Jones, D. P., & Seig, A.: *Child sexual abuse allegations in custody and visitation cases: A report of 20 cases.* (B. Nicholson, & J. Bulkeley, Ritstj.). American Bar Association. Washington, DC 1988.
- Jóhann B. Loftsson: *Ráðgjöf fyrir foreldra sem eiga í ágreiningi um umgengni við börn sín.* Tilraunaverkefni hjá Sýslumanninum í Reykjavík, janúar-júlí 2000. Fylgiskjal með frumvarpi til breytingar á barnalögum nr. 20/1992.
- Jónas Jóhannsson: "Hafnarfjarðarleiðin". Í Pétur Kr. Hafstein, Haraldur Henrysson, Páll Hreinsson, Sigrún Guðmundsdóttir og Valborg Þ. Snævarr (Ritstj.), *Guðrún Erlendsdóttir sjötug 3. maí 2006.* Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík 2006.
- Stefanía K. Karlsdóttir (2008a). *Foreldrasvipting (PAS) - í hverju felst hún?* Sótt 15. mars 2009 frá Félagi um foreldrajafrétti: foreldrajafrétti.is.
- Stefanía K. Karlsdóttir (2008b). *Aðskilnaður barns frá öðru foreldri sínu: Samantekt úr íslenskum rannsóknum.* Sótt 15. mars 2009 frá Félagi um foreldrajafrétti: foreldrajafrétti.is.
- Stefanía K. Karlsdóttir (2009). *Rannsóknir á PAS ofbeldi og staða þess í réttarkerfum.* Sótt 15. mars 2009 frá Félagi um foreldrajafrétti: foreldrajafrétti.is.
- Maccoby, M., & Mnookin, R. H.: *Dividing the child: Social and legal dilemmas of custody.* Harvard University Press. Cambridge, MA 1992.
- McDonald, M. (). The myth of epidemic false allegations of sexual abuse in divorce cases. *Court Reviews*, 1998 spring issue, bls. 12-19. Sótt 2. mars 2009. Sjá www.omsys.com/mmcd/courtrev.htm.
- Moss, D. C.: Abuse scale: Point system for abuse claims. *Journal of the American Bar Association*, 74, 1988, bls. 26.
- Paradise, J., Rostain, A., & Nathansson, M.: Substantiation of sexual abuse charges when parents dispute custody visitation. *Pediatrics*, 81 (6), 1988, bls. 835-839.
- Ragland, E. R., & Fields, H.: *Parental alienation syndrome: What professionals need to know.* NCPCP update 16 (6-7). American Prosecutors Research Institute. Alexandria, VA 2004.
- Thoennes, N., & Tjaden, P.: The extent, nature, and validity of sexual abuse allegations in custody/visitation disputes. *Child Abuse and Neglect*, 14 (2), 1990, bls. 151-163.
- Thoennes, N., Pearson, J., & Tjaden, P.: *Allegations of sexual abuse in custody and visitation disputes.* Association of Family and Conciliation Courts. Denver, CO 1988.
- Trocme, N., & Bala, N.: False allegations of abuse and neglect when parents separate. *Child Abuse and Neglect*, 29 (12), 2005, bls. 1333-1345.
- Wakefield, H., & Underwager, R.: *Accusations of child sex abuse.* Charles Thomas. Springfield, IL 1988.